LÖG

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa á ökumælum, vegna nýskráningar bifreiða, tengi- eða festivagna eða vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á ökumælum í bifreiðar, tengi- eða festivagna ef ákvörðun er tekin um að hætta að miða innheimtu þungaskatts við ekna kílómetra samkvæmt ökumælum.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.